

# Örlagastundir sem seint munu gleymast

Strand b/v Jóns forseta, á Stafnesi, 27. febrúar 1928

Stormurinn gnauðaði á glugga skólastofunnar og regnhraglandi pískaðist inn með gluggafögunum. Slíkt suð-vestan veður var ekki í uppáhaldi hjá okkur skólabörnunum. Skólastjórinn Bjarni Jónsson var kominn frá hádegismatarhléi og við börnin gengin til sætis. Það var drungi yfir deginum og deyfð í öllum, langt umfram venju. Þungubúinn svipur skólastjórans kann að hafa átt þar hlut að, auk veðurhrolls. Við sem höfðum lotið stjórnar Bjarna í 3 vetur fundum á okkur að hugur hans var í upp-námi. Eftir drykklanga dauðaðþögn spurði hann hvort við hefðum heyrt voðafréttir utan af Stafnesi. Nei. Hann hafði fengið þær fréttir að togarinn Jón forseti væri strandaður nálægt eða á Stafnestöngum. Veður væri þar jafnvel verra en hjá okkur og brim mikið. Óttast væri að þegar væru drukknáðir einhverjir af skipshöfninni og margir væru hangandi í reiðanum. Björgunarhorfur slæmar eða engar. Engin von til þess að togarar og bátar, sem komnir voru upp undir strandstað, gætu hafst nokkuð að, þar eð útgrynni er mikið og brimátt sú versta sem hugsast gat. Viðbúnaður var í landi en tilraunir þaðan ekki borið árangur.

Bjarni var sjálfur alinn upp við brimný Stokkseyrarstrandar og þekkti þær ógnir er slík slysgeta leitt yfir aðstandendur. Frásögn hans náði sterkum tókum á okkur, einkum er hann gat allra þeirra barna, er ættu feður á sjónum og vissu aldrei hvort þeir kæmu heilir að landi. Flest áttum

við bræður eða frændur í sjómannastétt. Sum okkar höfðu horft á skip farast á Járngerðarstaðasundi 4 árum áður, þar sem 9 menn drukkuðu. Við höfðum líka fylgst með björgun áhafnanna á togaranum Ásu, sem strandaði tveimur árum áður rétt við bæjardyr okkar, þar sem aðstæður voru taldar líkar og við Stafnes. Okkur var því öllum ljóst hvað var að gerast og fannst ekki tiltökumál þó að tár glitraði í stöku auga við áhrifaríka ræðu Bjarna, svo sterkt hafði hann fléttað þessa harmþrungnu fregn inn í líf og viðhorf íbúa sjávarþorpsins.

## Á góðviðrisdögum

aka margir suður á Stafnes. Vegurinn endar þar á bæjarhlaðinu. Stafnesviti stendur á klöppinni rétt utan við túngarðinn. Litlu sunnar er landing og fiskhús þeirra Stafnesverfisbúa. Gamlar tóftir og hrunin mannvirki benda til meiri athafna en nú eiga sér þar stað. Þó virðist áhugi fyrir útgerð hafa vaxið þar að nýju, landingarbætur, bygging fiskhúsa, legufæri á lóni og bátar í nausti benda til þess að svo sé. Enda er þarna stutt á fiskimið og landtaka nokkuð góð þó að í hafátt sé brimasamt. Fæstir þeirra er koma út á klappirnar við vitann, þekktja harmsögu togarastrandsins. Þeir eru þarna að njóta hafgolunnar, horfa á fuglaflíð og skoða landið frá þessu sérstæða sjónarhorni. Sumir þekktja söguna af Bátsendum - aðalverslunarstað Suðurnesjanna fyrr á öldum, sem tor-

timdist í stóflóði árið 1799 í janúar. Höfnin Bátsendar hefur sennilega verið verstöð þegar einokunarkaupmenn gerðu hana að verslunarhöfn árið 1484. Nokkurra mínútna gangur er þangað suður eftir og er það álagsins vert að skreppa þangað og ihuga um verslunaránauð fyrri tíma og bera hana saman við verslunarhætti frjálsrar og fullveðja þjóðar.

## Litlið inn hjá Guðmundi Guðmundssyni í Bala í Stafneshverfi

Undirritaður hafði oft skroppið suður á Stafnes, en aldrei haft leiðsögumann. Ég hitti því Guðmund Guðmundsson, bónda í Bala, og var hann fús á að ganga með mér fram á klappirnar. Þegar þangað kom var byrjað að falla að og þrátt fyrir logn og blíðu skvampaði aldan við sker og flúð - nánast blíðuatlot bergs og boða.

Guðmundur hafði lofað að sýna mér staðhætti strandstaðarins og segja mér það er væri honum helst í minni frá slysinu.

„Þarna er Kolaflúð,“ sagði Guðmundur og benti á brotlöður ca. 300 faðma frá landi. „Ekki veit ég af hverju nafnið er dregið,“ hélt hann áfram, „nema ef vera kynni að kol úr skipsstrandi hafi fundist þar, ekki getur koli hafa veiðst þarna fyrir sjávarlátum.“

Og áfram segir Guðmundur frá: „Þegar við komum á strandstað síðari hluta nætur var skipið sunnan til á flúðinni og mun hafa strandað rétt um fjöruna (lág-sjávað). Allir karlmenn í hverfi-




Guðmundur á Bala

inu komu á vettvang um svipað leyti. Skipulagðar björgunar-sveitir voru þá ekki komnar til sögu, en Slysavarnafélag Íslands var þá stofnað fyrir einum mánuði. Allir bátar okkar voru þarna á Skipahólma (hann benti á grösugan hól niður við flæðarmál) þar á meðal var fyrsta trillan okkar, sem við Metúsalem í Litlabæ áttum. Hún var sett á flot ásamt litlum árabát, sem þarna var líka. Þannig háttar til, að innan við Kolaflúð er mikið dýpi eða gjá, sem liggur út með Urðinni út að Rifshaus. Við reyndum að nálgast strandið með því að fara eftir gjánni, en brimið, sem var þá orðið gifurlegt, óð yfir öll sker og flúðir og langt inn á gjána, svo við gátum ekkert aðhafst. Við vonuðum að þeir um borð hefðu eitthvað sem þeir gætu fleygt til okkar með taug og vorum við við því búnir að festa við það sverara tóg, sem gæti orðið líflína. En um borð var ekki hægt um vik, hækkandi sjór og vaxandi brim gaf engin grið. Við sáum mennina hvern af öðrum tínast upp í reiðann, ekki seinna vænna, sá síðasti sem ætlaði þangað af hvalbaknum, stöðst ekki hafrótið og slitnaði frá skipinu, bróðir hans var næstur á undan og slapp við illan leik. Í reiðanum var greinilega ill dvöl, sælðrið huldi iðulega sjómennina er þangað höfðu flúið. En þeim tókst þó að verjast holskeflunum er yfir þá gengu, en hvað staðist reiðinn lengi þessi átök? Við óttuðumst að hann slitnaði niður og að mastrið brotnaði þá og þegar. Í reiðanum var bátsmaðurinn ásamt 13 hásetum. Á stjórnþalli voru skipstjórinn, stýrimenn, vélstjórar, kyndarar, loftskeytamaður, matsveinn með son sinn sem hjálparkokk og einn háseti, eða 11 alls.

## „Verið þið sællir, plltar“

Veðrið fór enn versnandi og í birtingu gekk brimið látaust yfir allt skipið. Við sáum að menn voru í brúnni en undir flóðið fór hún að gefa sig, hún brotnaði og hætti að veita mönnum vörn



Togarinn Jón forseti í enskri höfn

Framh. á síðu 76